

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 1993

21. apríl 1993

325

Nr. 166

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 68, 19. febrúar 1993, um bann við línuveiðum á Húnaflóa.

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð nr. 68, 19. febrúar 1993, um bann við línuveiðum á Húnaflóa.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. apríl 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

16. apríl 1993

Nr. 167

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 156/1992, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín.

1. gr.

Staflíður a í 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

- a) Af bifreiðum, öðrum en þeim sem um er rætt í b-lið þessarar greinar og búnar eru viðhlítandi öikumælum, sbr. reglugerð nr. 62/1977, um öikumæla, með síðari breytingum.